1. jan. – 30. sept. 2022

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu









Efnisyfirlit bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 2
Rekstrarreikningur
og yfirlit um aðra heildarafkomu ........ 3
Efnahagsreikningur ........ 4 - 5
Sjóðstreymisyfirlit ........ 6
Eiginfjáryfirlit ........ 7
Skýringar ........ 8 - 10
Ársfjórðungsyfirlit ........ 11 - 12



Nova Klúbburinn hf.
Kt. 620916-0560
Lágmúla 9, 108 Reykjavík


Árshlutareikningur þessi er þýðing á upphaflegri útgáfu sem er á ensku. Ef um er að ræða einhver frávik milli ensku útgáfunnar og þessarar íslensku útgáfu, gildir upphaflega enska útgáfan.

# Skýrsla stjórnar og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. er móðurfélag Nova hf., meginstarfsemi þess er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Samandreginn árshlutareikningur þessi samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. („félagið") og dótturfélagi þess Nova hf., saman nefnt „samstæðan". Árshlutareikningarnir eru hvorki endurskoðaðir né kannaðir.

Samkvæmt rekstrarreikning og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til september 2022 9.287 milljónum króna. EBITDA var 2.658 milljónir króna og hagnaður var 364,6 milljónir króna. Eigið fé í lok tímabilsins nam 8.896 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfall 39%. Vísað er til eiginfjáryfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Á hluthafafundi í apríl samþykktu hluthafar félagsins að auka hlutafé með útgáfu nýrra hlutabréfa sem voru seld til nýrra fjárfesta, nettó verðmæti hlutafjáraukningarinnar var 3.395 milljónir króna. Upphæðinni sem fékkst fyrir hlutabréfin var ráðstafað til endurgreiðslu langtímalána, sjá nánar í sjóðstreymisyfirliti. Samhliða samþykktu hluthafar skráningu hlutabréfa félagsins á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Skráningunni lauk með góðum árangri í júní þar sem yfir 5.000 nýir hluthafar bættust við listann af eigendum í félaginu. Sjá nánar um áhrif á eigið fé undir Skýringu 4 og Eiginfjáryfirliti. Fyrir skráninguna samþykktu hluthafar á aukafundi í lok maí að breyta nafni félagsins úr Platinum Nova hf. í Nova klúbburinn hf. Þann 1. september 2022 tóku gildi ný lög um fjarskipti, en frumvarp til laganna var tilefni umfjöllunar stjórnar um mögulega rekstraráhættu í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðunnar vegna ársins 2021.

Stjórn Nova klúbbsins hf. boðaði þann 5. október sl. hluthafafund sem verður haldinn 2. nóvember nk.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til september 2022, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar þann 30. september 2022 og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til september 2022. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning fyrir tímabilið janúar til september 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. október 2022

Stjórn

Hugh Short
Stjórnarformaður

Jón Óttar Birgisson
Stjórnarmeðlimur

Hrund Rudolfsdóttir
Stjórnarmeðlimur

Kevin Payne
Stjórnarmeðlimur

Tina Pidgeon
Stjórnarmeðlimur

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022

| | Sk. | 1.7.-30.9 2022 | 1.7.-30.9 2021 | 1.1.-30.9 2022 | 1.1.-30.9 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Sala | 3 | 3.122.215 | 3.064.737 | 9.169.096 | 8.739.942 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 43.346 | 25.748 | 118.074 | 80.980 |
| | | 3.165.561 | 3.090.485 | 9.287.170 | 8.820.922 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.561.342 | 1.656.531 | 4.720.036 | 4.795.207 |
| Laun og launatengd gjöld | | 377.321 | 332.511 | 1.233.702 | 1.126.195 |
| Annar kostnaður | | 216.523 | 155.436 | 675.077 | 516.954 |
| | | 2.155.186 | 2.144.478 | 6.628.815 | 6.438.356 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | | 1.010.375 | 946.007 | 2.658.355 | 2.382.566 |
| Afskriftir | | (503.708) | (491.544) | (1.468.594) | (1.468.063) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 506.667 | 454.463 | 1.189.761 | 914.503 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 8.648 | 16.460 | 42.493 | 35.908 |
| Vaxtagjöld | | (257.013) | (108.298) | (783.229) | (299.947) |
| Gengismunur | | (1.296) | (1.305) | 5.399 | 889 |
| | 5 | (249.661) | (93.143) | (735.337) | (263.150) |
| Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags | | 0 | 0 | 0 | 250.331 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatta** | | 257.006 | 361.320 | 454.424 | 901.684 |
| Tekjuskattur | | (51.061) | (71.924) | (89.873) | (129.258) |
| **Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu** | | 205.945 | 289.396 | 364.551 | 772.426 |
| **Skipting hagnaðar** | | | | | |
| Hluti hluthafa móðurfélagsins | | 205.945 | 289.396 | 364.551 | 772.426 |
| Hluti minnihluta | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins | | 205.945 | 289.396 | 364.551 | 772.426 |

# Samandregin efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2022

| | Sk. | 30. sept. 2022 | 31. des. 2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | | 10.048.985 | 10.048.985 |
| Óefnislegar eignir | | 1.685.115 | 1.827.904 |
| Rekstrarfjármunir | | 3.751.495 | 3.596.168 |
| Leigueignir | | 3.639.858 | 3.268.717 |
| Fjárfesting í öðrum félögum og aðrar fjáreignir | | 2.596 | 2.596 |
| Tekjuskattsinneign | | 478.239 | 403.698 |
| | | 19.606.288 | 19.148.068 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 417.929 | 389.434 |
| Viðskiptakröfur | | 1.099.484 | 1.044.223 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 345.239 | 1.541.391 |
| Handbært fé | | 1.295.422 | 2.178.878 |
| | | 3.158.074 | 5.153.926 |
| **Eignir samtals** | | 22.764.362 | 24.301.994 |

# Samandregin efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2022

## Skuldir og eigið fé

| | Sk. | 30. sept. 2022 | 31. des. 2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 4 | 3.817.277 | 3.132.345 |
| Yfirverðsreikningur | 4 | 2.710.068 | 0 |
| Varasjóðir | | 868.474 | 1.162.376 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.500.351 | 841.898 |
| | | 8.896.170 | 5.136.619 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 5 | 2.310.223 | 6.737.880 |
| Leiguskuldbindingar | | 5.625.189 | 5.223.124 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 2.673.006 | 2.498.859 |
| | | 10.608.418 | 14.459.863 |
| **Skammtimaskuldir** | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 149.324 | 346.720 |
| Viðskiptaskuldir | | 723.198 | 765.170 |
| Ógreiddir skattar | | 1.325.546 | 1.288.162 |
| Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir | | 184.797 | 169.267 |
| Aðrar skuldir | 7 | 821.131 | 2.073.564 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 55.778 | 62.629 |
| | | 3.259.774 | 4.705.512 |
| **Skuldir samtals** | | 13.868.192 | 19.165.375 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 22.764.362 | 24.301.994 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2022

| | Sk. | 1.7.-30.9 2022 | 1.7.-30.9 2021 | 1.1.-30.9 2022 | 1.1.-30.9 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 205.945 | 289.396 | 364.551 | 772.426 |
| Rekstrarliðir án greiðsluáhrifa: | | | | | |
| Afskriftir | | 503.708 | 491.544 | 1.468.594 | 1.468.063 |
| Tekjuskattur | | 51.061 | 71.924 | 89.873 | 129.258 |
| Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 249.661 | 93.143 | 735.337 | 263.150 |
| | | 1.010.375 | 946.007 | 2.658.355 | 2.632.897 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | 58.609 | 72.317 | (28.495) | (44.985) |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, (hækkun) lækkun | | (20.516) | (35.966) | (296.412) | 107.444 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun (lækkun) | | (145.429) | (358.154) | 135.216 | (139.296) |
| | | (107.336) | (321.803) | (189.691) | (76.837) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 8.648 | 12.322 | 42.493 | 31.770 |
| Greidd vaxtagjöld | | (161.770) | (102.092) | (565.162) | (293.733) |
| Greiddir skattar | | (28.169) | (65.284) | (112.872) | (165.518) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 721.748 | 469.150 | 1.833.123 | 2.128.579 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (244.527) | (196.507) | (1.102.629) | (1.010.777) |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (76.751) | (60.625) | (227.989) | (185.152) |
| Fjárfesting í dótturf. að frádregnu yfirteknu handbæru fé | | 0 | 0 | 0 | (5.213) |
| | | (321.278) | (257.132) | (1.330.618) | (1.201.142) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Hlutafjáraukning | | 0 | 0 | 3.395.000 | 0 |
| Afborganir leiguskulda | | (35.467) | (28.680) | (108.276) | (86.041) |
| Afborganir annarra langtímaskulda | | (9.738) | 0 | (29.215) | 0 |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | | (32.948) | (100.000) | (4.646.052) | (300.000) |
| | | (78.153) | (128.680) | (1.388.543) | (386.041) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 322.317 | 83.338 | (886.038) | 541.396 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | 2.810 | 0 | 2.582 | 1.025 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 970.295 | 654.544 | 2.178.878 | 195.461 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 1.295.422 | 737.882 | 1.295.422 | 737.882 |

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2022

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Staða 1. janúar 2021** | 8.253.593 | 0 | 114.909 | 698.783 | 9.067.285 |
| Breytt reikningshaldsleg meðferð, áhrif..... | | | | 52.490 | 52.490 |
| **Endurskoðuð staða 1. janúar 2021.........** | 8.253.593 | 0 | 114.909 | 751.273 | 9.119.775 |
| Hagnaður janúar til september 2021........ | | | | 772.426 | 772.426 |
| **Staða 30. september / 1. október 2021** | 8.253.593 | 0 | 114.909 | 1.523.699 | 9.892.201 |
| Hagnaður október til desember 2021........ | | | | 714.238 | 714.238 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram móttekinn arð......................... | | | 957.500 | (957.500) | 0 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð................ | | | 145.070 | (145.070) | 0 |
| Færsla eignarhlutatengdra greiðslna ...... | | | 173.304 | | 173.304 |
| Hækkun hlutafjár....................................... | 556.875 | | | | 556.875 |
| Lækkun hlutafjár....................................... | (5.678.123) | | | (521.877) | (6.200.000) |
| Nýttir kaupréttarsamningar........................ | | | (228.407) | 228.407 | 0 |
| **Staða 31. desember / 1. janúar 2022** | 3.132.345 | 0 | 1.162.376 | 841.898 | 5.136.619 |
| | | | | | |
| **Staða 1. janúar 2022** | 3.132.345 | | 1.162.376 | 841.898 | 5.136.619 |
| Hagnaður janúar til september 2022........ | | | | 364.551 | 364.551 |
| Hækkun hlutafjár....................................... | 684.932 | 2.815.068 | | | 3.500.000 |
| Kostnaður við hlutafjáraukningu................ | | (105.000) | | | (105.000) |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram móttekinn arð........................... | | | (293.902) | 293.902 | 0 |
| **Staða 30. september 2022** | 3.817.277 | 2.710.068 | 868.474 | 1.500.351 | 8.896.170 |

# Skýringar við árshlutareikninginn

## Reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið") er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandreginn árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 30. september 2022 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélagi þess, Nova hf., saman nefnt „samstæðan".

Meginstarfsemi samstæðunnar er fjarskipti og skyld starfsemi.

### 1.2 Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til september 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IAS34 eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til samandregins ársreiknings ársins 2021.

Samandreginn árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

### 1.3 Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar þeim er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

### 2. Endurskoðuð reikningsskilaleg meðferð notendabúnaðar

Eignir sem áður voru flokkaðar sem aðrar skammtímakröfur í efnahagsreikningi eru nú flokkaðar sem rekstrarfjármunir samkvæmt IAS16. Tölurnar fyrir tímabilið janúar til september 2022 endurspegla nýju meðferðina og samanburðartölur hafa verið leiðréttar. Áhrif á samanburðartölur efnahagsreiknings má sjá í töflunni hér að neðan. Kostnaður vegna þeirra eigna var áður gjaldfærður yfir áætlaðan líftíma undir kostnaðarverði seldra vara á rekstrarreikningi en er nú afskrifaður á 3 árum samkvæmt nýju meðferðinni. Áhrif á yfirstandandi tímabili á kostnaðarverð seldra vara eru lækkun um 125 m.kr. og afskriftir hækka um 100 m.kr. Áhrif á rekstrarreikning fyrir árið 2021 samkvæmt fyrri reikningskilameðferð verða tilgreind í ársreikningi fyrir árið 2022.

Áhrifin á samanburðartölur efnahagsreiknings eru sem hér segir:

| | Áður birt 31.12.2021 | Endur- skoðun | Endursk. 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| Aðrar skammtímakröfur | 1.689.882 | (148.491) | 1.541.391 |
| Rekstrarfjármunir | 3.359.218 | 236.950 | 3.596.168 |
| Óráðstafað eigið fé | (753.438) | (88.459) | (841.897) |

# Skýringar við árshlutareikninginn

## 3. Tekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er samstæðan í heild skilgreind sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar tekjur.

FlakkNet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

FastNet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

Vörusala: Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Tekjufærðar á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar.

Aðrar tekjur: Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað.

| | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar tekjur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Janúar til september 2022 | | | | | |
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 1.576.295 | 0 | 1.576.295 |
| Yfir tímabil | 4.496.923 | 2.268.526 | 0 | 827.352 | 7.592.801 |
| Tekjur samtals | 4.496.923 | 2.268.526 | 1.576.295 | 827.352 | 9.169.096 |

| | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar tekjur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Janúar til september 2021 | | | | | |
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 1.846.981 | 0 | 1.846.981 |
| Yfir tímabil | 4.086.396 | 2.042.437 | 0 | 764.128 | 6.892.961 |
| Tekjur samtals | 4.086.396 | 2.042.437 | 1.846.981 | 764.128 | 8.739.942 |

Heiti og skýringar á tekjustraumunum hafa verið uppfærðar frá fyrri árshlutareikningum til að skýra betur mismunandi tegundir sem og undirliggjandi tekjuliði. Núverandi tekjustreymi eru FlakkNet (áður Farsímaþjónusta), FastNet (áður Netþjónusta) Vörusala og Aðrar tekjur (áður Annað). Samhliða því hafa hluti af tekjum sem áður féllu undir Netþjónusta í fyrri árshlutareikningum verið endurflokkaðar undir Farsímaþjónusta. Áhrif á áður birtan árslutareikning fyrir 2. ársfjórðung eru hækkun á tekjum sem voru flokkaðar undir Farsímaþjónusta um 456 m.kr. (2021: 386 m.kr.) og lækkun um sömu upphæð á tekjum sem voru flokkaðar undir Netþjónusta.

## 4. Eigið fé

### Hlutafé

Hlutafé félagsins að nafnverði samkvæmt samþykktum þess nemur 3.817.277 þús.kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í ársbyrjun nam hlutafé 3.132.345 þúsundum króna og var aukið í apríl um 684.932 þúsund að nafnverði að heildarverðmæti 3.500 milljónir. Hlutafé er að fullu greitt. Félagið á engin eigin bréf.

### Kostnaður vegna hlutafjárhækkunar og hlutafjárútboðs

Beinn viðskiptakostnaður vegna hlutafjárhækkunarinnar að upphæð 105 m.kr. er flokkaður sem lækkun á yfirverði í eiginfjáryfirliti samkvæmt reikningsskilastaðli IAS32. Almennur kostnaður vegna skráningar hlutabréfa á hlutabréfamarkað er gjaldfærður í rekstrarreikningi, samtals nam sá kostnaður 66 m.kr. en af því voru 40 m.kr. gjaldfærðar á öðrum ársfjórðungi 2022.

# Skýringar við árshlutareikninginn

## 5. Fjármagnsgjöld

Hækkun vaxtagjalda á fyrri helmingi ársins í samanburði við fyrra ár stafar m.a. af hærri stöðu vaxtaberandi skulda í upphafi árs sem og hærri vaxtakostnaðar en árið áður. Jafnframt hefur staða leiguskuldbindinga hækkað frá fyrra ári með hærri leigugreiðslum sem flokkast undir afskriftir og vaxtagjöld samkvæmt IFRS16. Leiguskuldbindingar eru verðtryggðar og áhrif mikillar yfirstandandi verðbólgu leiða til hærri fjármagnsgjalda. Frá áramótum hefur félagið greitt upp samtals 4.500 milljónir auk samningsbundinna greiðslna af vaxtaberandi lánum.

| Fjármagnstekjur og gjöld greinast þannig, í milljónum: | Jan-sept 2022 | Jan-sept 2021 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 42 | 36 |
| Gengismunur | 5 | 1 |
| **Samtals fjármagnstekjur** | 48 | 37 |
| | | |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (276) | (217) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (263) | (81) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (44) | 0 |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (193) | 0 |
| Önnur fjármagnsgjöld | (6) | (2) |
| **Fjármagnsgjöld samtals** | (783) | (300) |
| | | |
| **Samtals fjármagnsgjöld** | (735) | (263) |

## 6. Atburðir eftir reikningsskiladag

Félagið hefur metið tímabilið frá 30. september til og með þeim degi þegar árshlutareikningurinn var gefinn út til að ákvarða hvort einhver atburður hafi átt sér stað sem þarf að veita upplýsingar um. Stjórnendur félagsins komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á að upplýsa um neina síðari atburði.

## 7. Annað

Í ársbyrjun var útistandandi virðisaukaskattur að fjárhæð 1.266,8 m.kr. vegna sölu óvirkra eigna á fyrra ári flokkaður meðal annarra skulda í efnahagsreikningi. Sama fjárhæð var útistandandi frá kaupanda og var flokkuð meðal annarra krafna í efnahagsreikningi. Þessar fjárhæðir voru báðar gerðar upp að fullu í febrúar 2022 sem leiddi til lækkunar á stöðum beggja liða.

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2022 í mkr.: | Q3 2022 | Q2 2022 | Q1 2022 | 9M 2022 |
|---|---|---|---|---|
| Farsímaþjónustutekjur | 1.580 | 1.494 | 1.423 | 4.497 |
| Netþjónustutekjur | 773 | 753 | 742 | 2.269 |
| Vörusala tekjur | 493 | 592 | 491 | 1.576 |
| Aðrar þjónustutekjur | 276 | 271 | 280 | 827 |
| Aðrar tekjur | 43 | 39 | 36 | 118 |
| Rekstrartekjur | 3.166 | 3.150 | 2.972 | 9.287 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.561) | (1.514) | (1.645) | (4.720) |
| Laun og launatengd gjöld | (377) | (427) | (430) | (1.234) |
| Annar kostnaður | (217) | (216) | (243) | (675) |
| Rekstrarkostnaður | (2.155) | (2.156) | (2.317) | (6.629) |
| EBITDA | 1.010 | 993 | 655 | 2.658 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (326) | (319) | (302) | (947) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (124) | (125) | (122) | (371) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (54) | (50) | (47) | (151) |
| Afskriftir | (504) | (495) | (470) | (1.469) |
| Rekstrarhagnaður | 507 | 499 | 185 | 1.190 |
| Vaxtatekjur | 9 | 8 | 25 | 42 |
| Gengismunur | (1) | 0 | 6 | 5 |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (66) | (78) | (132) | (276) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (89) | (90) | (85) | (263) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (14) | (15) | (15) | (44) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (82) | (80) | (31) | (193) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (5) | (1) | (0) | (6) |
| Fjármagnstekjur og gjöld | (249) | (255) | (232) | (735) |
| Söluhagnaður hlutdeildarfélags | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 257 | 244 | (47) | 453 |
| Tekjuskattur | (51) | (15) | (24) | (90) |
| Hagnaður ársins og heildarafkoma | 206 | 229 | (72) | 364 |

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2021 í mkr.: | Q3 2021 | Q2 2021 | Q1 2021 | 9M 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Farsímaþjónustutekjur | 1.454 | 1.349 | 1.284 | 4.086 |
| Netþjónustutekjur | 706 | 684 | 652 | 2.042 |
| Vörusala tekjur | 626 | 628 | 593 | 1.847 |
| Aðrar þjónustutekjur | 279 | 252 | 233 | 764 |
| Aðrar tekjur | 26 | 28 | 27 | 81 |
| Rekstrartekjur | 3.090 | 2.942 | 2.788 | 8.821 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.657) | (1.634) | (1.505) | (4.795) |
| Laun og launatengd gjöld | (333) | (403) | (391) | (1.126) |
| Annar kostnaður | (155) | (180) | (181) | (517) |
| Rekstrarkostnaður | (2.144) | (2.217) | (2.076) | (6.438) |
| EBITDA | 946 | 725 | 712 | 2.383 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (310) | (306) | (297) | (913) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (145) | (152) | (147) | (444) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (37) | (37) | (37) | (110) |
| Afskriftir | (492) | (495) | (482) | (1.468) |
| Rekstrarhagnaður | 454 | 230 | 230 | 915 |
| Vaxtatekjur | 16 | 5 | 14 | 36 |
| Gengismunur | (1) | (2) | 5 | 1 |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (81) | (64) | (72) | (217) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (27) | (27) | (27) | (81) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) | (0) | (0) | (2) |
| Fjármagnstekjur og gjöld | (94) | (89) | (81) | (263) |
| Söluhagnaður hlutdeildarfélags | 0 | 0 | 250 | 250 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 361 | 141 | 400 | 902 |
| Tekjuskattur | (72) | (34) | (23) | (129) |
| Hagnaður ársins og heildarafkoma | 289 | 107 | 377 | 772 |